# Stórstreymis fjölmiðlar verða að gangast við hruni í trúverðugleika




**Stórsteymis fjölmiðlar eru í krísu víðsvegar um heiminn. Hérlendis er þess skemmst að minnast hversu lygasaga ungrar leikkonu átti greiðan aðgang inn á forsíðu stórs dagblaðs. Það stakk í augun að ekkert var gert til að leita staðfestinga á fréttinni enda tíðkast gagnrýnin athugun sjálfsagt ekki þegar flestar fréttir flæða athugasemdalaust í blöðin frá fréttaveitum erlendis...**

Stórsteymis fjölmiðlar eru í krísu víðsvegar um heiminn. Hérlendis er þess skemmst að minnast hversu lygasaga ungrar leikkonu átti greiðan aðgang inn á forsíðu stórs dagblaðs. Það stakk í augun að ekkert var gert til að leita staðfestinga á fréttinni enda tíðkast gagnrýnin athugun sjálfsagt ekki þegar flestar fréttir flæða athugasemdalaust í blöðin frá fréttaveitum erlendis. En víðar er þessi sami pottur brotinn.
Nú er sú staða komin upp á hinu þýska málsvæði að fjölmiðlar þar tapa ört lesendum sínum, áhorfendum og hlustendum. Raunar svo ört að stjórnendur geta fátt annað aðhafst en að fylgjast með síhækkandi bréfaflóði áskrifendauppsagna. Því er reynt að bjarga því sem hægt er. Og mitt inn í þessar kringumstæður birtist grein í Frankfurter Allgemeine Zeitung (FAZ) með fyrirsögninni: „Blaðamennska liggur undir grun“. Millifyrirsagnirnar eru: „Æsir pressan upp gegn Pútín? Láta blaðamenn kaupa sig?“ Greinin fullyrðir að „hratt fjari undan trausti“ og „trúverðugleikakrísa á breiðum grundvelli“ gagnvart þeim fjölmiðlum sem hafa fest sig hvað best í sessi. Greinarhöfundur fullyrðir að vísbendingar um þetta megi finna í athugasemdakerfum blaðanna, inni á spjallsvæðum og bloggsíðum. Og við þetta bætast síðan sölulistar bóksala. Í því samhengi er nefnd bókin „Keyptir blaðamenn“ eftir Udo Ulfkotte sem skaust á 6 vikum upp í tíunda sæti yfir söluhæstu bækurnar á bókalista Spiegel. Við þetta bætist, sagði í FAZ, að ekki hafi verið tekið mark á röddum og fréttum sem sögðu frá annarri en hinni ríkjandi fyrirmynd af Rússlandi sem árásaraðila , og vesturlöndum sem verjist bara af háleitum hugsjónum . Í þessu samhengi er vitnað í Kai Griffke, yfirritstjóra fréttaþáttarins Tagesschau hjá þýsku sjónvarpsstöðinni ARD.
„[...] Þegar maður sá þennan stórundarlega hóp vesturevrópskra hermanna datt manni eiginlega allt annað í hug en að þeir væru OSZE eftirlitsmenn.“ Í sumar svaraði Griffke dagskrárkvörtun samt með yfirlýsingu þess efnis að þessi villandi lýsing væri rétt. Hún hafi „verið samhljóma „Wording“ (þ.e. fyrirfram ákveðnu orðavali) frá fréttaveitum og gæðadagblöðum.“ Það metur höfundur sem „eina dapurlegustu allra mögulegra réttlætinga og sé e.t.v. góð vísbending hversvegna svona sé komið fyrir stórstreymisfjölmiðlunum“ (e. mainstream media). Höfundur dvelur þó ekki lengur við þennan gríðarlega athyglisverða punkt. Í samantekt segir FAZ síðan: „margir hinna alvarlegri fjölmiðla virðast enga nasasjón hafa af því hve djúpt er grafið undan trausti á vinnu þeirra.“
Efalaust á þetta líka við um stöðu íslenskra fjölmiðla.

**eftir -**

## Heimildir:

http://www.faz.net/aktuell/feuilleton/medien/journalismus-unter-verdacht-vom-wachsenden-populaeren-misstrauen-gegenueber-der-presse-13242833.html

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

#Fjolmidlar - www.kla.tv/Fjolmidlar

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið**
**þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.